

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps vegna iðnaðar- og efnistökusvæða og færslu þjóðvegur í Botnsdal.

Skipulagsstofnun staðfesti 2. febrúar 2023 breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. nóvember 2022.

Í breytingunni felast heimildir fyrir auknu seiðaeldi og byggingarmagni á iðnaðarsvæði I3 þar sem meginuppbygging verður í Norður-Botni, skilgreiningu byggingarmagns á I11 í Botnsdal og umfangi efnistöku á svæðum E2, E3 og E6 í Botnsdal og Norður-Botni. Mörk svæða breytast. Jafnframt er þjóðvegur 63, Bíldudalsvegur, færður til á kafla í Botnsdal.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 2. febrúar 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 16. febrúar 2023